

**From:** [REDACTED] [starfsmaður sem hafði umsjón með starfsfólki talningar]

**Sent:** miðvikudagur, 17. nóvember 2021 21:44

**To:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallurv@althingi.is](mailto:thorhallurv@althingi.is)>

**Subject:** Re: Skipulag talningar á Hótel Borgarnesi

Sæll Þórhallur

Í upphafi voru verkferlar þetta kvöld/nótt eins og venjan hefur verið í þeim talningum sem ég hef tekið þátt í og var eftirfarandi:

Borð 1 - afstemming úr kjörkössum. Einn kjörkassi í einu. 4 að telja og allt tvítalið. Fjöldi úr hverjum kassa borin undir yfirkjörstjórn og ef sú tala reyndist rétt fór bunkinn yfir á borð 2, annars endurtalið.

Borð 2 - Talið í bunka með 100 kjörseðlum, teygja sett utan um hvern bunka.

Borð 3 - atkvæði flokkuð eftir bókstöfum, ógildum og auðum. Þeir flokkar settir í kassa merktum bókstöfum flokkanna, ógild og auð.

Borð 4 - Tekur upp úr þessum kössum og telur atkvæði hvers flokks ásamt ógildum og auðum. Eftir talningu er tölum komið til yfirkjörstjórnar og síðan er töldum kjörseðlum komið fyrir í kassa merktum bókstafi flokkanna til geymslu.

Eins og við sögðum ykkur þá fengum við þau fyrirmæli að breyta frá þessu fyrirkomulagi og klára ferlið á hverju borði fyrir sig. Þannig að hvert borð byrjaði og kláraði hvern kjörkassa fyrir sig eins og venjan var að gera á fjórum borðum áður.

Talningin stemmdi alla nóttina, allavega fengum við grænt ljós á allar tölur.

Bestu kveðjur,

[REDACTED]

---

**From:** Þórhallur Vilhjálmsson <[thorhallurv@althingi.is](mailto:thorhallurv@althingi.is)>

**Sent:** Wednesday, November 17, 2021 10:02 AM

**To:** [REDACTED] [starfsmaður sem hafði umsjón með starfsfólki talningar]

**Subject:** Skipulag talningar á Hótel Borgarnesi

Sæl [REDACTED]

Ég var í sambandi við þig fyrir fund þinn með undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa 1. nóvember sl.. Það er eitt atriði sem nefndin vill skýra nánar.

Nefndin hefur byggt á því að talning atkvæða (flokkun og talning) hafi farið fram á fjórum borðum. Hef skilið það svo að afstemming atkvæða frá kjördeildum hafi farið fram á fyrsta borði. Getur þú lýst því í stuttu máli hvað fór fram á hverju borði fyrir sig?

Virðingarfyllt,

f.h. skrifstofu Alþingis

Þórhallur Vilhjálmsson  
forstöðumaður lagaskrifstofu.